

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Austurríkis.

15

23. marz

Ísland og Austurríki hafa hvort um sig ákveðið að fella niður skyldu til vegabréfsáritana fyrir borgara annars ríkisins, sem ferðast vilja til hins, enda sé ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en þriggja mánaða að ræða (sbr. augl. í Lögbirtingabl. nr. 31 8. maí 1954).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 23. marz 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Spánar.

16

16. apríl

Með erindaskiptum í Madrid hinn 16. marz 1959 var viðskiptasamningur Íslands og Spánar frá 17. desember 1949 (Stj.tíð. A 5/1950) framlengdur óbreyttur til 1. apríl 1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 16. apríl 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

17

20. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:

Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.

Prestssetur: Kirkjubær.

Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:

Eiðar. Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.

Prestssetur: Eiðar.

- 17 c. Í stað orðanna „og Laugardælasóknir“ í VI. 31 (Hraungerðisprestakall í Árnassprófastsdæmi) komi: og Selfosssóknir.
20. apríl d. Í stað „Prestssetur: Hvanneyri“ í IX. 52 (Hvanneyrarprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi) komi: Prestssetur: Staðarhóll.
- e. Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:
Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.
- f. Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

18

22. apríl

L Ö G

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt skal Sambandi ísl. berklasjúklinga að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

- Hlutatalan má ekki fara fram úr sextíu og fimm þúsund. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.
- Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.
- Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.
- Dráttur skal fara fram opinberlega í Reykjavík.

2. gr.

Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

3. gr.

Heimild þessi gildir til ársloka 1969. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til